

*** Tollflokkun**

Úrskurður nr. 5/2009

Kærð er niðurstaða Tollstjóra sem birt var í Bindandi álitum um tollflokkun vöru um tollflokkun á Ribena ávaxtaþykki. Kærandi krefst þess að flokkun tollstjóra verði felld úr gildi og varan flokkuð í tnr. 2009.8026. Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda.

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags 23. september 2009, kærir L., f.h. A., ákvörðun tollstjóra sem birt var í Bindandi álitum um tollflokkun vöru nr. 090024, dags. 4. sept. 2009, um tollflokkun á ávaxtaþykkni "Ribena Solber light". Tollstjóri flokkar vöruna í tnr. 2106.9039. Kærandi krefst þess að ákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi og varan flokkuð í tnr. 2009.8026. Til vara að varan verði tollflokkuð í einhvern annan vörulið í 2009 og til þrautarvara að varan verði flokkuð í annan flokk sem ber lægri gjöld en tollflokkur 2106.9039.

Í hinu kærða álitum nr. 090024 flokkar tollstjóri vöruna Ribena Solber Light í tnr. 2106.9039. Starfsmaður kæranda óskaði skýringa á tollflokkuninni við tollstjóra. Í skýringu tollstjóra sem gefin var kæranda á tölvuskeyti segir: "Samkvæmt skýringum í Brusselskránni við vörulið 2009 er þar eingöngu um að ræða djús eða safa sem fæst með því t.d. að pressa ávextina. Það er kallað 100% safi. Í þann safa má hafa verið bætt sykri, sætuefni, rotvarnarefni og stabilisator.

Samkvæmt innihaldslýsingu á flöskunum frá þér er um að ræða,
Solbær Light: Vatn, sóberjasaft 30% úr þykkni, sykur, sætuefni, rotvarnarefni o.fl.
Solber Original: Sykur, sólberjasaft úr þykkni 30%, vatn. sýra, rotvarnarefni. o.fl.

Hér er ekki um 100% safa að ræða, það er búið að blanda safan meira en sem því nemur til að búa til drykk. Þess vegna flokkast hann í tnr. 2106.9039 eins og venjulegur djús."

Lögmaður kæranda (hér eftir kærandi) krefst þess að ákvörðun tollstjóra frá 4. september 2009 um tollflokkun á Ribenaþykkni verði felld úr gildi. Þá er þess krafist að ríkistollanefnd tollflokki Ribenaþykkni í tollflnr. 2009.8026. Til vara er þess krafist að ríkistollanefnd tollflokki vöruna í annan flokk í yfirflokk 2009. Fallist nefndin ekki á ofangreindar kröfur er til þrautavara krafist að ríkistollanefnd tollflokki vöruna í annan tollflokk sem ber lægri tolla og gjöld en tollflokkur 2106.9039.

Um vöruna segir í kærinni, að varan sem um ræðir sé Ribena Solbær Original þykkni annars vegar og Ribena Solbær Light hins vegar. Í neytendaumbúðum sé innihaldslýsing þeirra eftirfarandi:

- **Ribena Solbær Original:** Vatn, sólberjasafi úr þykkni 30%, sykur, rotvarnarefni.
- **Ribena Solbær Light:** Vatn, sólberjasafi úr þykkni 30%, sykur, sætuefni, rotvarnarefni.

Þá segir að mismunurinn milli þessara tegunda varði því einungis sætuefni sem sé í annarri tegundinni en ekki hinni. Að því er varði efni þessarar kærú sé enginn munur á þessum tveimur tegundum vörunnar og verði því fjallað um þær einu nafni hér eftir, þ.e. sem „varan“.

Þá segir að sólber séu einungis týnd einu sinni á ári. Varan sé því framleidd með þeim hætti að Sólber séu pressuð, safinn þykktur og frystur. Þar með haldi varan næringargildi sínu og ferskleika, auk þess að taka minna pláss í geymslu. Þegar framleiða á vöruna, sé þykktum safanum blandað saman við sykur og vatn. Þar með verði til það þykkni sem sett sé á flöskur. Upprunalegi sólberjasafinn sjálfur sé þynnri en varan er á endanlegu formi. Þegar síðan neytandinn blandar loks vöruna í gefnum hlutföllum, hefur safinn loks náð upprunalegi þykkt sinni. Mikilvægt sé að hafa í huga að varan er ekki þynnt umfram upprunalega þykkt sólberjasafans. Í neytendaumbúðum sé varan því töluvert þykkari en hreinn safinn sem pressaður sé úr sólberjum.

Um málsatvik segir í kærúni að þann 3. september 2009 hafi starfsmaður B. f.h. kæranda sem sé innflytjandi vörunnar, óskað eftir því að tollstjórinn í Reykjavík gæfi bindandi álit um tollflokkun á Ribenaþykkni. Var þess óskað að varan væri tollflokkuð í flokk 2009.8026 *Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbætts áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni – Í einnota plastumbúðum, ólituðum.*

Með ákvörðun tollstjóra frá 4. september 2009 var Ribenaþykkni tollflokkuð í tollflokk 2106.9039 *Matvæli ót.a – önnur.* Umrædd niðurstaða var rökstudd með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6. Þann 8. september 2009 var í tölvupósti óskað eftir rökstuðningi fyrir umræddri ákvörðun. Sá rökstuðningur barst með tölvupósti 10. september 2009 en þar kom fram að samkvæmt skýringum í Brusselskránni við tollnúmer væri 2009 þar eingöngu um að ræða djús eða safa sem t.d. fæst með því að pressa ávextina. Þessa niðurstöðu telur kærandi ranga og kærir hana því hér með til ríkistollanefndar.

Kærandi telur að mál þetta sé nokkuð einfalt í sniðum og gangi að meginstefnu út á tvennt. Í fyrsta lagi hvort flokka eigi vöru með nákvæmum eða almennum hætti. Í öðru lagi hvort að nota eigi skýringar Brusselskrárinnar þegar verið er að beita tollflokkun skv. henni. Kærandi er þeirrar skoðunar að beita eigi nákvæmari skýringu frekar en almennri og að nota verði skýringar Brusselskrárinnar þegar verið er að vísa í tollflokkun skv. henni.

Þá segir í kærúni að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningi um samræmdar vörulýsingar og vörunúmeraskrá sem tók gildi 1. janúar 1988. Með lögum nr. 96/1987, um breytingu á þágildandi tollalögum, nr. 55/1987, hafi verið tekin upp

tollskrá sem byggir á tollflokkunarreglum samræmdu skrárinnar. Þau tollskrárnúmer sem hér er deilt um séu byggð á skiptingu samkvæmt samræmdu skránni og því ber að líta til skýringagagna Alþjóðatollstofnunarinnar við túlkun þeirra.

Í upphafi tollskrárinnar sé að finna almennar reglur um túlkun hennar sem ber að fylgja. Þessar túlkunarreglur hafa lagagildi líkt og aðrir hlutar tollstkrárinnar, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005. Fyrst og fremst ber að fara eftir fyrstu reglunni og beita þeim síðari (og þá í réttari númeraröð) þegar ekki er hægt að flokka vöru eftir fyrri reglum.

Í 1. tl. kemur fram að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemdum við tilheyrandi flokka eða kafla og ef það brýtur ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt nánari reglum. Af þessu er ljóst að það er fyrst og fremst orðalag sem ræður tollflokkin. Veiti orðalag tollskrár eða túlkunarreglur ekki heimild til þess að leita út fyrir texta tollskrár er því ljóst að slíkt er óheimilt.

Þá segir í kærinni að í rökstuðningi tollstjóra sé því haldið fram að skv. Brusselskránni flokkist aðeins „100%“ djús í flokk 2009. Þannig komi ekki til greina að flokka í þann flokk vörur sem bætt hefur verið í vatni. Bendir tollstjórinn á að varan sé einungis 30% úr þykkni.

Þessu mótmælir kærandi harðlega. Í skýringum við kafla 20 komi fram að innan flokks 2009 falli safar sem hafa verið endurbýntir eftir að hafa verið þykktir (reconstituted) svo framfarlega sem þeir eru ekki þynnri en safar sem ekki hafa fengið sambærilega meðferð (hreinir safar).

Orðrétt kemur fram í skýringum við umræddan flokk í kafla IV- 2009 -3:

„Similar mixtures of the juices of fruits or vegetables of the same or different types remain classified in this heading as do reconstituted juices (i.e. products obtained with the addition, to the concentrated juice, of a quantity of water not exceeding that contained in similar non concentrated juices of a normal composition.

However, the addition of water to a normal fruit or vegetable juices, or the addition to a concentrated juice of a greater quantity of water than is necessary to reconstitute the original natural juice, results in diluted products which have the character of beverages of heading 22.02. Fruit or vegetable juices containing a greater quantity of carbon dioxide than normally present in juices treated with that product (aerated fruit juices), and also lemonades and aerated water flavoured with fruit juices are also excluded (heading 22.02)“(5)

Með hliðsjón af tilvitnuðu ákvæði telur kærandi vera ljóst að fullyrðingar tollstjóra um að innan flokks 2009 falli ekki vörur með viðbættu vatni séu rangar. Vara sú sem

deilt eru um tollflokkan á inniheldur viðbætt vatn en hún er ekki þynnt umfram upprunalegan safu Sólberjanna, þar með sé ljóst að vara kæranda fellur innan tilvitnaðs ákvæðis og á þar af leiðandi að flokkast í flokk 2009. Niðurstaða tollstjóra um hið gagnstæða er því ólöglegt. Kærandi telur því rökstuðning tollstjóra breyta fyrir hinni kærðu ákvörðun.

Þá segir í hinni kærðu ákvörðun að tollstjóri styðji niðurstöðu sína með vísan til túlkunarreglu 1 og 6. Kærandi telur að tollstjóri hafi ekki beitt viðeigandi túlkunarreglum við umrædda ákvörðun.

Að mati tollstjóra uppfyllir varan skilyrði þess að vera matvæli ót.a. og er því ekki mótmælt hér, það er hins vegar ljóst, að mati kæranda, að varan uppfyllir einnig skilyrði þess að flokkast sem ávaxtasafi. Við áreksra tveggja eða fleiri vöruliða ber að beita áður nefndum túlkunarreglum.

Í túlkunarreglu 1 kemur fram að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skuli tollflokkan byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla. Ef það brýtur ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal, skv. túlkunarreglu 1, fylgt öðrum reglum. Í túlkunarreglu 3. a. kemur fram hvernig skuli aðhafast þegar til álita kemur að telja vörur til tveggja eða fleiri vöruliða. Í þeim tilfellum skal vöruliður sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu tekinn fram yfir vörulið með almennari vörulýsingu. Í umræddu tilfelli þarf því að meta hvort að flokkurinn matvæli sé almennari en flokkurinn ávaxtasafi.

Kærandi telur það ekki vera neinum vafa undirorpið að flokkurinn matvæli sé almennari en flokkurinn ávaxtasafi enda sé ekki með réttu hægt að flokka öll matvæli sem ávaxtasafa en allur ávaxtasafi getur talist til matvæla. Réttara sé því að flokka vöruna til nákvæmari vöruflokks, þ.e. til ávaxtasafa, en ekki til hins almennari, þ.e. matvæla. Samkvæmt túlkunarreglum verður varan því að flokkast sem *Ávaxtasafi*.

Varðandi skýringu á tollskrárnúmeri 2009 sé það grundvallarartiði að ákvæðið veiti ekkert tilefni til rýmri orðaskýringar en samkvæmt orðanna hljóðan. Má í því samhengi minna á niðurstöðu ríkistollanefndar um orðaskýringu á 4008 í úrskurði 7/2007. Ávaxtasafi verður því að skýrast skv. almennri málvenju og hefðbundnum skilningi þess orðs.

Í úrskurði ríkistollanefndar nr. 8/2005 (bls. 6-7) leggi nefndin áherslu á að til staðar þurfi að vera hin ófrávíkjanlegu skilyrði sem mælt er fyrir í tollskrá. Ljóst sé að varan uppfylli öll skilyrði þess að teljast *Ávaxtasafi* skv. tollskrá. Það sé því efnismeðferð mála óviðkomandi hversu mikið vörur séu þynntar ef ekki er til staðar heimild til þess að taka slíkt til skoðunar.

Kærandi viðurkennir að tollflokkan vörunnar er einsleit í öðrum Evrópulöndum. Kærandi vill hins vegar góðfúslega benda á að tollaleg skilgreining vöru í öðrum Evrópulöndum hafi enga sjálfstæða þýðingu á Íslandi. Þá telur hann það liggja í

hlutarins eðli að fari þarlendir aðilar eftir þeim sömu lagaheimildum og raktar hafa verið hér að ofan ættu þeir að komast að sömu niðurstöðu og kærandi.

Þá telur hann ástæðuna fyrir umræddu misræmi vera þá að öllum líkindum að flokkun vörunnar hafi enga tollalega þýðingu í öðrum löndum enda t.t.l. óalgengt að gjöld séu lögð á slíkar vörur.

Tollstjóra var send kæran til umsagnar þann 24. september s.l., sbr. 4. mgr. 118 gr. tollalaga nr. 88/2005. Var honum veittur frestur til 15. október 2009 til að skila inn greinargerð um kærana. Tollstjóri óskaði efir lengri fresti til að skila inn greinargerð og var honum veittur viðbótarfrestur til 23. október 2009. Í greinargerð tollstjóra er þess krafist að kærinni verði vísað frá ríkistollanefnd þar sem kærandi var ekki aðili að þeirri stjórnvaldsákvörðun sem hann kærir og á því ekki kæruaðild.

Í þessu máli kæri IcePharma hf., kt. 620269-6119, ákvörðun tollstjóra um bindandi tollflokkun nr. 090024 þar sem álitsbeiðandi sé B., í 1. mgr. 118. gr. tollalaga kemur fram sérstök afmörkun á því hver geti talist aðili að kærumálum. Samkvæmt henni geti tollskyldur aðili skotið ákvörðun tollstjóra skv. 21. gr. til ríkistollanefndar. Samkvæmt 21. gr. er bindandi álit um tollflokkun vöru bindandi gagnvart fyrirspyrjanda. Ákvörðunin beinist því að álitsbeiðanda en ekki kæranda. Þar að auki hefur IcePharma ekki sýnt fram á að það eigi einstaklegra eða verulegra hagsmuna að gæta við úrslausn málsins. A. á samkvæmt þessu ekki kæruaðild að málinu og krefst tollstjóri þess að því sé vísað frá.

Fallist ríkistollanefnd hins vegar ekki á þessa kröfu um frávísun krefst tollstjóri þess að ákvörðun um Bindandi tollflokkun vöru nr. 090024 verði staðfest. Tekið er fram að hið kærða bindandi álit tekur eingöngu til vörunnar Ribena Solbær Light en ekki til vörunnar Ribena Solbær Original eins og kærandi heldur fram.

Tollstjóri fellst á það með kæranda að innihald vatns í vörunni má vera skert án þess að flytjast úr kafla 20 í tollskrá. Hins vegar sé sykurrinnihald verulegt og umfram það sem teljast má náttúrulegt. Í skýringabókum sem hér sé vitnað til standi m.a. að bæta megi við sykri að því marki að varan haldi sínum náttúrulegu einkennum „Provided they retain their original character...“ Þar sem sykur- og sætuefnainnihald vörunnar sé umfram það magn að varan haldi sínum náttúrulegu einkennum falli hún ekki í vörulið 2009.

Tollstjóri segir það eindregið álit hans að þessa vöru beri að tollflokka í tnr. 2106.9039 sem efni til framleiðslu á drykkjarvörum. Til skoðunar hafi verið að tollflokka vöruna í 2106.9019 sem ávaxtasafa sem sé tilreiddur og blandaður umfram það sem tilgreint er í 2009. Þar sé hins vegar um að ræða ávaxtasafa sem tilbúinn sé til neyslu. Í þessu tilviki sé um þykkni að ræða sem þurfi að blanda með vatni í hlutföllunum 1 á móti 5.

Að lokum segir í greinargerð tollstjóra að tollflokkunin sé byggð á túlkunarreglum 1. og 6 við tollskrá og jafnframt hafi verið stuðst við skýringar Alþjóða-tollastofnunarinnar við samræmda vörflokkunarkefið.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi, dags. 20. nóvember 2009. Í svari sem barst nefndinni þann 2. desember s.á. segir m.a. að staðhæfingum tollstjóra í greinargerð hans megi skipta í þrennt:

- Í fyrsta lagi að kærandi, Icepharma hf., eigi ekki aðild að málinu.
- Í öðru lagi að tollstjórinn dragi til baka fyrri röksemdarfærslu sína og fallist á það með kæranda að innihald vatns valdi því ekki að varan falli utan kafla 20. Hins vegar telji tollstjóri að hátt sykursgildi umræddrar vöru valdi því að hún falli utan tollflokks 2009.8026
- Í þriðja lagi að komið hafi til greina að flokka vöruna í tollflokk 2106.9019 en það hafi ekki verið mögulegt sökum þess að varan sé ekki *tilbúin til notkunar*.

Telur tollstjórinn, skv. umræddri greinargerð, að tollflokka skuli vöruna í tollflokk 2106.9039

Um aðild segir í umsögn kæranda að í greinargerð tollstjóra sé því haldið fram að kærandi geti ekki átt aðild að umræddu máli. A. sé innflytjandi Ribena og hafi flutt inn umrædda vöru um árabíl. Kærandi kaupir hins vegar þjónustu á sviði vörustjórnunar. Í tilfalli Ribena sé umrædd þjónusta keypt af félaginu B. sem sérhæfir sig í vörustjórnun. Í samræmi við þá þjónustu lagði B. fram umsókn um bindandi álit um tollflokkun f.h. A. Þessu til staðfestingar er lögð fram yfirlýsing forstjóra B.

Kærandi nýtur því réttar skv. 21. gr. tollalaga auk þess sem kærandi hefur óskoraða og lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Þannig er kærandi tollskyldur aðili í merkingu 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og nýtur málsskotsréttar til ríkistollanefndar sem slíkur. Þar breytir engu að fyrirtæki á sviði vörustjórnunar hafi lagt fram umrædda beiðni fyrir hönd kæranda. Til að taka af öll tvímæli hefur umrætt vörustjórnunarfyrirtæki jafnframt framselt hugsanlegan kærurétt sinn til kæranda.

Það er því ekki neinum vafa undirorpið að kærandi er réttur aðili að umræddri kæru að mati kæranda.

Um sykurnnihald vörunar segir í greinargerð kæranda að í athugasemdum sínum rökstyðji tollstjórinn í Reykjavík ákvörðun sína með öðrum hætti en hann gerði þegar hin kærða ákvörðun var tekin. Ekki verður hjá því komist að benda á hversu bagalegt það er að tollstjórinn í Reykjavík breyti röksemdafærslu sinni með þeim hætti sem hann gerir. Þessi viðsnúningur hefur hins vegar ekki efnisleg áhrif á afstöðu kæranda.

Tollstjóri telur að sykurinnihald vörunnar valdi því að hún falli utan 20. kafla. Þessi niðurstaða embættisins er röng auk þess sem hún er ekki rökstudd með vísan til réttarheimilda eða skýringargagna. Í fyrsta lagi sé sykurinnihald umræddrar vöru ekki umfram náttúrulegt sykurinnihald hennar. Þannig sé sykurmagn hennar í samræmi við upprunalegt horf hennar. Það sé einnig aðfinnsluvert að embættið hafi hvorki rannsakað hvert sykurinnihald vörunnar sé né sett fram tölulegar upplýsingar um það hvað það má vera.

Ofangreint kemur hins vegar ekki að sök í umræddu máli enda tilvísanir til sykurinnihalds ótækar í þessu tilfalli. Í reglugerð framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins nr. 360/2008 1 er tekið á því með afgerandi hætti við hvað er átt með útilokun frá tollflokki 2009. Þar kemur orðrétt fram:

“the fruit juices with added sugar, of a Brix value not exceeding 67 and containing less than 50 % by weight of fruit juice lose their original character of fruit juices of heading 2009.

Point (b) shall not apply to concentrated natural fruit juices. Consequently, concentrated natural fruit juices are not excluded from heading 2009.”²

Ástæða þess að ofangreindur liður tekur ekki til þykkis er einföld. Með því að þykkja náttúrulegan safu verður sykurinnihald hans hlutfallslega meira. Af þeim sökum er ákvæði það er tekur til sykurinnihalds ekki látið ná til þykkis (concentrate).

Þessu til frekari stuðnings vill kærandi benda á að Evrópudómstóllinn tók á svipuðu álitamáli í nýlegum dómum sínum í sameinuðum málum C-522/07 og C-65/08. Þá er í 5. t. inngangs reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar nr. 360/2008 tekið á þessu álitamáli með afgerandi hætti:

Problems have risen with respect to the classification of concentrated natural fruit juices. When the added sugar content of those products is calculated as set out in Additional Notes 2 and 5, it may appear to be so high that products contain less than 50 % by weight of fruit juices so that they have to be classified under heading 2106. This result is unsatisfactory as it is based on a fictive calculation of the added sugar content while in reality no sugar has been added and the high added sugar content results from the concentration.³

Af þeim sökum gerir framkvæmdastjórnin framangreinda breytingu með svohljóðandi skýringu:

It is therefore appropriate to reword point (b) of Additional Note 5 to Chapter 20 and to add a new provision to that point, clearly stating that for concentrated natural fruit juices the criterion of 50 % by weight of fruit juices does not apply so that those juices are not to be excluded from heading 2009 on the basis of a calculated addition of sugar. It should also be clearly stated that Additional Note 5 is to be applied on the products as presented.4

Kærandi telur óþarft að tíunda fyrir ríkistollanefnd skuldbindingagildi umræddra réttarheimilda og skýringargagna sem og fordæmisgildi umræddra dóma við innlenda tollaframkvæmd. Túlkun umræddra heimilda á að vera einsleit og þá sér í lagi á innri markaði Evrópska Efnahagssvæðisins. Í þeim tilgangi eru skýringargögn og dómaframkvæmd Evrópuþómstólsins leiðandi heimildir. Séu þær sniðgengnar er samræmi í tollflokkun kastað fyrir róða og tilgangur samræmdrar tollflokknar fyrir bí.

Af ofangreindu má vera ljóst að engar réttarheimildir hvort sem er lög, reglugerðir, viðaukar eða skýringargögn gefa tilefni til þess að láta sykurlutfall vörunnar ráða því að hún falli utan tollflokks 2009.8026. Þá leiða engin önnur sjónarmið til þeirrar niðurstöðu. Þvert á móti eru tolllagningarheimildir þessa máls afdráttarlausar auk þess sem að dómafordæmi um skýringu þeirra liggur ljóst fyrir.

Í ljósi ofangreinds ber að tollflokka umrædda vöru í tollflokk 2009.8026. Þar á varan heima skv. skýru orðalagi umrædds tollliðar sem og þeim skýringum sem liggja honum að baki. Allar réttarheimildir leiða til þessarar einu réttu niðurstöðu og ekkert í umsögn Tollstjórans í Reykjavík hefur hrakið þá fullyrðingu.

Kærandi áréttar að mál þetta varðar aðeins þá vöru sem sótt var um bindandi álit á, þ.e. Ribena Solbær Light. Kærandi bendir hins vegar á að ofangreind sjónarmið eiga jafnt við um Ribena Solbær Original.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga óskar kærandi þess, að máli þessu verði hraðað eins og kostur er. Hefur kærandi mjög brýna hagsmuni af skjótri úrlausn þessa máls og áskilur hann sér fullan rétt til heimtu skaðabóta vegna þess tjóns, sem hann hefur orðið fyrir og kann að verða fyrir.

Með hliðsjón af nýjum upplýsingum sem fram koma í greinargerð kæranda um umsögn tollstjóra í málinu var ákveðið á fundi hjá ríkistollanefnd að senda tollstjóra umsögn kæranda og óska efir álit hans og skýringum. Var það gert í bréfi, dags. 7. janúar 2010, en þar segir m.a.: “Í greinargerð sem kærandi sendi nefndinni koma fram ný gögn sem varða tollmeðferð vörunnar. Um er að ræða ljósrit frá

“COMMISSION REGULATION (EC) No 360/2008 L111/9 of 18 April 2008”. Sem mun vera ígildi Stjórnartíðinda EB. Sjá meðfylgjandi ljósrit.

Þar kemur fram að „Ráðið“ hafi sett fram tilskipun um ákveðna túlkun á 20. kaflanum. Þar er að finna leiðbeiningar um reiknað sykurgildi til lækkunar (Brix gildi) (Article 1, liður 5 a) og enn fremur að ávaxtasafar hafi glatað fyrri einkennum sínum sé sykurlutfall þeirra hærra en 67 en enn fremur er tekið sérstaklega fram að sú túlkun eigi ekki við um concentrate og þar af leiðandi séu “concentrate” safar ekki undanskildir frá 20. kafla.

Þá segir enn fremur orðrétt: **This Regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in all Member States.**

Ríkistollanefnd óskar eftir því við embætti tollstjóra, með hliðsjón af þessum nýju upplýsingum, að það upplýsi nefndarmenn um eftirfarandi:

1. Áliti tollstjórans á hvort tilskipun Ráðherraráðsins No. 360/2008 hafi gildi á Íslandi við túlkun á vörum til 20. kafla?
2. Áliti tollstjórans á hvaða þýðingu tilskipun Ráðherraráðsins No. 360/2008 hafi við túlkun á vörum til 20. kafla?
3. Nánari skýringum og rökstuðningi við flokkun vörunnar til 21. kafla með hliðsjón af orðalagi í greinargerð tollstjóra um að það sé „eindregin“ skoðun embættisins að flokka beri vöru þessa í 2106.9039 svo og þeim nýju gögnum í málinu.

Í svari sem barst nefndinni frá tollstjóra þann 26. febrúar s.l. segir við spurningum nefndarinnar

1. Þar sem gerðin er ekki hluti af EES samningunum er hún ekki bindandi fyrir tollayfirvöld héraendis. Hins vegar hefur embættið iðulega haft hliðsjón af þeim álitum og reglum er ESB gefur út og varða tollflokkan. Þá verður að vera nokkur vísir fyrir því að um sams konar vörur sé að ræða. Ekki er heldur litið til úrskurða sem gefnir eru út af aðilum innan sambandsins er embættið telur ranga.
2. Embættið telur tilskipunina ekki hafa áhrif á niðurstöðu tollflokkanar í þessu máli. Í fyrsta lagi er ekki að finna sambærilega athugasemd við 20. kafla í íslensku tollskránni og er að finna í fimmtu athugasemd við 20. kafla Combined Nomenclature, þ.e. tollskrá ESB. Í öðru lagi er ástæðan fyrir setningu tilskipunarinnar samkvæmt formála hennar sú að vandamál hafi komið upp vegna tollflokkanar á þykkni úr náttúrulegum söfum. Þegar sykurmagn þessara safa er reiknað samkvæmt athugasemd 2 og 5 í tollskrá ESB getur það virst svo hátt að ávaxtasafi sé undir 50% af þyngd vörunnar og því eigi að flokka hana í 21. kafla. Sú niðurstaða er sögð vera ásættanleg þar sem ekki sé raunverulegum sykkri bætt við heldur er aukið sykurmagn eingöngu vegna samþjöppunar. Eftir viðbótina við athugasemdina eru slíkir safar ekki útilokaðir frá 20. kafla. Í þessu máli er ekki ágreiningur um

að varan sé sykurbætt enda kemur það fram í umsókn B. hf. um Bindandi álit.

3. Í skýringum Alþjóðatollstofnunarinnar við 20. kafla er tekið fram að ávaxtasafar sem innihalda tiltekin efni, þ.á m. sykur falli undir kaflann að því tilskildu að þeir haldi upprunalegu gildi sem hreinn ávaxtasafi eðli (e. original character). Við mat á því hvort ávaxtasafi haldi upprunalegu gildi sínu er höfð hliðsjón af því hvort með viðbættum sykri sé verið að bæta upp þann sykur sem dettur úr við vinnslu vörunnar eða hvort sykurmagn sé umfram það magn sem tapast hefur. Kærandi átelur embættið fyrir að rannsaka ekki sykurrinnihald vörunnar. Embættið fellst á að æskilegt hefði verið að kalla eftir upplýsingum um Brix gildi vörunnar áður en Bindandi álit um tollflokkun vörunnar var gefið út. Ef kærandi telur það fært er eðlilegt að hann leggi fram slíkar upplýsingar eða komi með ábendingar um hvar þær megi finna um þessa tilteknu vöru. Það að miða við Brix gildi vörunnar þegar neytandinn er búinn að blanda hana með vatni getur embættið ekki fallist á því engin ákvæði eru um það í athugasemdum eða skýringarbókum hvað þessa afurð snertir. Þau eru þó til, sbr. aths. 1 við VII. flokk. Enda myndi slík vara flokkast í 22. kafla tollskrár. Embættið telur eftir skoðun vörunnar, m.a. smökkun, ótvírætt að umrædd vara er sykur- og sætuefnabætt langt umfram það að varan haldi sínu upprunalegu gildi sem hreinn ávaxtasafi.
4. Samkvæmt ofangreindri umfjöllun ítrekar embættið fyrri kröfur og krefst aðallega að kærinni verði vísað frá en til vara að umrætt Bindandi álit á tollflokkun verði staðfest. Í ljósi greinargerða kæranda að því er varðar aðild vill embættið benda á að sérstaklega er gert ráð fyrir því í umsókn um Bindandi álit að hægt sé að biðja um það fyrir hönd annars aðila. Í þeim tilfellum eru umboðsmaður eða fulltrúi tilgreindur í reit 2 en umsækjandi í reit 1. Í þessu máli var B. hf. tilgreint sem umsækjandi í reit 1 og reitur 2 skilinn eftir auður.

Á fundi nefndarinnar þann 28. febrúar 2010 var ákveðið að gefa kæranda tækifæri að tjá sig um svar tollstjóri og upplýsa um sykurrinnihald vörunnar. Í svarbréfi kæranda, dags. 10. mars 2010, kemur m.a. fram að hann telur að Ribena ávaxtaþykkni eigi að tollflokka í flokk 2009.8026 *Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbætts áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni - í einnota plastumbúðum, ólituðum*.

Þá upplýsir hann um sykurrinnihald vörunnar en það er samkvæmt staðfestum upplýsingum framleiðanda og dreifingaraðila vörunnar eftirfarandi:

- Ribena Solbær Light: Brix við 20° C eru **24,9%** w/w
- Ribena Solbær: Brix við 20° C eru **54,3%** w/w

Hvorug varan hefur því Brix gildi umfram þau 67% sem tilgreind eru í tilskipun ráðherraráðsins nr. 360/2008. Hins vegar ber að líta til þess að b. liður umræddrar

greinar á við um vörurnar þar sem þær eru þykkni. Það veldur því að þær verða ekki útilokaðar frá tollflokk 2009.

Kærandi telur að staðhæfingum tollstjóra í skýringum embættisins megi skipta í þrennt.

- Í fyrsta lagi að tilskipun ráðherraráðsins nr. 360/2008 sé ekki bindandi en að tollstjóri fari iðulega eftir slíkum heimildum.
- Í öðru lagi telur tollstjórinn að tilskipun ráðherraráðsins hafi ekki áhrif.
- Í þriðja lagi að ný gögn breyti ekki afstöðu tollstjóra.

Þá vísar kærandi á bug vangaveltum tollstjóra um aðild kæranda. Kærandi bendir á mikilvægi þess að efnisniðurstaða fái í mál þetta enda hefði frávisun málsins það eitt í för með sér að tefja óumflýjanlega meðferð þess. Slík töf væri engum til framdráttar og undrar kærandi sig því á málalíbúnaði tollstjórans er þetta atriði varðar. Ef annmarkar eru á tollflokkun ætti það að vera metnaðarmál embættisins að fá niðurstöðu þar um.

Kærandi telur að umrædd reglugerð sé bindandi fyrir tollstjóra. Á það í fyrsta lagi við þar sem að hún er skýringargagn sem er ætlað að vera öðrum innleiddum réttarheimildum til fyllingar. Það væri mjög óheppilegt og skaðlegt fyrir frjálst vöruflæði ef slík skýringargögn væru ekki höfð til hliðsjónar enda leiðir slíkt af sér mikið ósamræmi á innri markaðnum. Í öðru lagi telur kærandi að meginreglur um stjórnsýslufordæmi og stjórnsýsluvenju leiði til sömu niðurstöðu enda geti það ekki verið háð hendingu hvort að slíkar heimildir séu notaðar. Sé það „*iðulega gert*“ eins og tollstjóri bendir á skal það jafnframt gert í þessu tilfelli nema málefnanlegar ástæður leiði til annarrar niðurstöðu. Slíkar ástæður hafa hins vegar ekki verið tilgreindar af hálfu tollstjóra. Kærandi telur að tollstjóri sé bundinn af fordæmum sínum enda geti hending eða tilviljun ekki ráðið stjórnsýsluframkvæmd. Tollstjóri hefur hingað til farið eftir umræddum réttarheimildum og því ber honum því að gera það í þessu tilfelli líka.

Í ljósi ofangreinds ítrekar kærandi að í reglugerð framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins nr. 360/2008 sé tekið á því með afgerandi hætti við hvað er átt með útilokun frá tollflokki 2009. Þar kemur orðrétt fram:

“the fruit juices with added sugar, of a Brix value not exceeding 67 and containing less than 50 % by weight of fruit juice lose their original character of fruit juices of heading 2009.

Point (b) shall not apply to concentrated natural fruit juices. Consequently, concentrated natural fruit juices are not excluded from heading 2009.

Ástæða þess að ofangreindur liður tekur ekki til þykkis er einföld. Með því að þykkja náttúrulegan safu verður sykurinnihald hans hlutfallslega meira. Af þeim sökum er ákvæði það er tekur til sykurinnihalds ekki látið ná til þykkis (concentrate). Rökstuðningur tollstjóra fyrir því að umrædd reglugerð framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins nr. 360/2008 eigi ekki við í umræddu máli fær því ekki staðist að mati kæranda.

Til frekari stuðnings vill kærandi enn og aftur benda á að Evrópudómstóllinn tók á svipuðu álitamáli í nýlegum dómum sínum í sameinuðum málum C-522/07 og C-65/08. Þau fordæmi sem hann setti með niðurstöðu sinni eru skýr. Kærandi vill í því samhengi góðfúslega benda á fordæmisgildi dómaframkvæmdar EB dómstólanna sbr. lög nr. 2/1993.

Kærandi telur að ljóst sé að engar réttarheimildir hvort sem er lög, reglugerðir, viðaukar eða skýringargögn gefi tilefni til þess að láta sykurlutfall vörunnar ráða því að hún falli utan tollflokks 2009.8026. Þá leiða engin önnur sjónarmið til þeirrar niðurstöðu. Þvert á móti séu tolllagningarheimildir þessa máls afdráttarlausar auk þess sem að dómafordæmi um skýringu þeirra liggja ljós fyrir.

Í ljósi ofangreinds telur kærandi að tollflokka beri umrædda vöru í tollflokk 2009.8026. Þar á varan heima skv. skýru orðalagi umrædds tollliðar sem og þeim skýringum sem liggja honum að baki. Allar réttarheimildir leiða til þessarar einu réttu niðurstöðu og ekkert í umsögn tollstjórans í Reykjavík hefur hrakið þá fullyrðingu.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Deilt er um tollflokkun á Ribena sólberjasafa. Tollstjóri ákvarðar í Bindandi álit um tollflokkun vöru, að varan skuli tollflokka í tnr. 2106.9039. Kærandi gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð í tnr. 2009.8026 og til vara í einhvern vöru lið 2009. Til þrautavara er þess krafist að varan verði flokkuð í einhvern tollflokk sem beri lægri gjöld en tnr. 2106.9039.

Krafa tollstjóra um frávísun málsins byggir á því að kærandi í máli þessi A. sé annar lögaðili en sá sem óskaði eftir Bindandi álit um tollflokkun vörunnar, þ.e. B. Kærandi mótmælir þessu og bendir á að kærandi kaupi þjónustu á sviði vörustjórnunar af B. Þessu til staðfestingar leggur hann fram yfirlýsingu forstjóra B. þar sem fram kemur yfirlýsing hans um að umsókn um Bindandi álit um tollflokkun vörunnar hafi alfarið verið lögð fram fyrir hönd A. sem sé innflytjandi vörunnar. Nefndarmenn telja kröfu tollstjóra réttmæta en í ljósi þeirra skýringa sem fram koma af hálfu kæranda þykir nefndinni ekki ástæða til að vísa málinu frá að kröfu tollstjóra.

Verður því málið tekið til efnislegrar umfjöllunar.

Um vöru þessa Ribena sólberjasafa segir á innihaldslýsingu:

Ribena Solbær Original: Vatn, sólberjasafi úr þykkni 30%, sykur, rotvarnarefni. Ljóst er að varan er sólberjaþykkni (concentrated).

Í skýringarþótt Alþjóða tollastofnunarinnar við kafla 2009 kemur m.a. fram að ávaxta- og grænmetissafar í þessum kafla séu almennt fengnir með pressun á ferskum heilsusamlegum (healthy) og þroskuðum ávöxtum eða grænmeti. Þetta gæti verið gert með vélrænum hætti sem vinna á sama hátt og sítrónupressur til heimilisnota eða með pressun með eða án undangenginnar kreistingar, rífa (t.d. epli) eða með vinnslu með heitu eða köldu vatni eða gufu (t.d. tómatar, sólber (black currant), og sumir ávextir s.s. gulrætur og sellery).

Vökvi þannig fenginn fari síðan venjulega í eftirfarandi framleiðslu:

- a. Hreinsun/skýring gerður tær - Clarification) til þess að aðskilja safann frá föstum efnum með t.d. gelatin, albumin eða ensím eða skilvindun.

- b. Síun oft með kísil, asbest cellulose.
- c. Af loftun (de-aeration) til þess að útiloka súrefni sem getur skemmt lit og bragð.
- d. Gert einsleitt (Homogenisation) í tilfalli sumra safna frá t.d. tómötum og perum.
- e. Sótthreinsun (sterilization) til þess að koma í veg fyrir gerjun. Mismunandi aðferðir eru notaðar við sótthreinsun, gerilsneyðingu, rafsótthreinsun o.s.frv.

Safar í þessum kafla geta verið í formi þykkis (e: concentrated), frosnir eða ófrosnir eða í formi kristala eða púðurs.

Sumir þykkir (concentrated) safar geta verið aðgreindir frá sambærilegum ekki-þykkjum söfum með vísan til Brix gildis þeirra.

Þá kemur enn fremur fram að ávaxta- eða grænmetisafarnir geti innihaldið efni skv. listanum að neðan hvort sem þau koma frá framleiðsluáferðinni eða bætt við sérstaklega:

1. Sykur.
2. Önnur sætuefni.
3. Rotvarnarefni o.þ.h.
4. Standardizing agents, sítrónusýru....Kaflinn inniheldur ekki safna þar sem sítrónusýra, mikilvægar olíur o.þ.h. hefur verið viðbætt í slíku magni að jafnvægi safans raskast svo mjög miðað við upprunalegt innihald að hann heldur ekki upprunalegum einkennum sínum.

Þá er enn fremur tilgreint að blöndur af söfum frá mismunandi ávöxtum eða grænmeti falli innan kaflans og enn fremur að endurgerður (e: re-constituted) þ.e. vörur sem fengnar eru með því að bæta vatni við þykknið, en þó ekki í meira magni en sem nemur sambærilegu við upprunalega safann.

Í skýringum við 2106. kaflann er einnig fjallað um safna sem er þynntur út á einfaldan hátt með vatni til þess að gera hann drykkjarhæfan. Í athugasemd 12 segir m.a.:

(12) efni til framleiðslu á lemonades eða öðrum drykkjum sem innihalda til dæmis:

- Ávaxtaþykkni með viðbættri sítrónusýru í það miklu magni að heildarsýruinnihald er umtalsvert meira en í hinum náttúrulega safna, nauðsynlegar olíur frá ávöxtunum, gervisætuefni o.s.frv.

Slíkum vörum sé ætlað að vera neytt sem drykkja eftir einfalda þynningu með vatni eða eftir frekari vinnslu. Sumum vörum af þessari tegund er ætlað að vera bætt við aðrar matvörur til framleiðslu.

Nefndarmenn eru sammála um að erfitt sé að fullyrða um ástand eða efnisinnihald upprunalegs safu fyrir framleiðsluferli hans. Framleiðsla á söfum geti verið mismunandi sem aftur skili safu með mismunandi eiginleika og efnainnihaldi.

Að mati ríkistollanefndar er lagatextinn ekki nægilega nákvæmur til að hægt sé með skýrum hætti að tollflokka þessa vöru. Til að mæta þessu hefur Ráðherranefnd Evrópusambandsins gefið út reglugerð sem felur m.a. í sér nánari túlkun hvernig tollflokka beri ávaxtasafu í tilteknu formi.

Reglugerðin er svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 360/2008

frá 18. apríl 2008

um breytingu á viðauka I við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 um tollskrár- og
hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og
hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána⁵, einkum lið 1 (a) í 9. grein hennar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

(1) Við flokkun ávaxtasafa í hinni sameinuðu tollnafnaskrá sem er viðauki við
reglugerð (EBE) nr. 2658/87 þarf að gera greinarmun milli annars vegar ávaxtasafa
sem inniheldur viðbættan sykur undir vöruliðnum 2009 og hins vegar efna til
framleiðslu á drykkjarvörum, þar með töldu bragðbættu sykursírópi undir
vöruliðnum 2106.

(2) Samkvæmt skýringu með samræmdu tollskránni við vörulið 2009 má bæta sykri
og öðrum aukefnum við ávaxtasafa að því tilskildu að safinn haldi áfram sínum
upprunalegu einkennum.

(3) Þar af leiðandi ber að flokka ávaxtasafa eða blöndur ávaxtasafa, hvort sem
ávaxtasafinn eða blöndurnar innihalda viðbættan sykur eður ei, í undirlið undir
vörulið 2009 hinnar sameinuðu tollnafnaskrár, nema safinn hafi tapað sínum
upprunalegu einkennum sem ávaxtasafi. Þegar um er að ræða síðastnefnda tilvikið
verða þær vörur að falla utan flokkunarinnar undir vörulið 2009 og verður að flokka
þær undir vörulið 2106.

(4) Í samræmi við viðbótarskýringu 5 (b) við 20. kafla sameinuðu tollnafnaskrárinnar
er ávaxtasafi sem sykri hefur verið bætt við í það miklum mæli að safinn inniheldur
minna en 50% ávaxtasafa miðað við þyngd búinn að missa náttúrulegt ástand sitt
sem ávaxtasafi og er þar af leiðandi ekki hægt að flokka hann undir vörulið 2009.
Viðbætt sykurrinnihald á að ákvarða út frá Brix-gildi sem byggist meðal annars á
sykurinnihaldi þessarar vöru.

(5) Upp hafa komið vandamál varðandi flokkun þykkis úr náttúrulegum ávaxtasafa.
Þegar viðbætt sykurrinnihald í þessum vörum er reiknað út eins og greint er frá í
viðbótarskýringum 2 og 5 kann það að virðast vera svo hátt að vörur sem innihalda
minna en 50% ávaxtasafa miðað við þyngd verði að flokkast undir vörulið 2106. Sú
niðurstaða er óásættanleg þar eð hún byggist á ímynduðum útreikningum um

viðbætta sykurinnihaldið þegar í raun engum sykri hefur verið bætt við og hátt sykurinnihald stafar af þykkingunni.

(6) Það er þess vegna rétt að endurorða (b) lið viðbótarskýringar 5 við 20. kafla og að bæta nýju ákvæði við þann lið þar sem skýrt er kveðið á um að þegar um er að ræða þykni úr náttúrulegum ávaxtasafa þá skuli viðmiðið um 50% af þyngd ávaxtasafans ekki eiga við þannig að slíkur safi skal ekki falla utan vöruliðs 2009 á grundvelli útreikninga á viðbættum sykri. Einnig skal kveða skýrt á um að viðbótarskýring 5 skuli fylgja vörunum eins og þær eru boðnar fram.

(7) Reglugerð (EBE) nr. 2658/87 skal þess vegna breytt til samræmis.

(8) Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndar um tollareglur,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðbótarskýringar 5 við 20. kafla hinnar sameinuðu tollnafnaskrár, sem er viðauki við reglugerð (EBE) nr. 2658/87, kemur eftirfarandi orðalag:

'5. Eftirfarandi gildir um vörunar eins og þær eru boðnar fram:

(a) viðbætt sykurinnihald varanna undir vörulið 2009 samsvarar „sykurinnihaldi“ að frádregnum þeim tölum sem hér eru tilgreindar, í samræmi við þá tegund safu sem um ræðir:

-sítrónu- eða tómatsafi: 3,
greipaldinsafi: 15,
annar ávaxta- eða grænmetissafi, þ.m.t. blanda af söfum: 13.

(b) ávaxtasafar með viðbættum sykri sem eru með Brix-gildi sem ekki fer yfir 67 og innihalda minna magn en 50% af ávaxtasafa miðað við þyngd missa upprunalegt ástand sitt sem ávaxtasafi undir vörulið 2009.

Liður (b) skal ekki eiga við um þykkni úr náttúrulegum ávaxtasafa. Þar af leiðandi fellur þykkni úr náttúrulegum ávaxtasafa ekki utan vöruliðs 2009.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á 20. degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Tollstjóri hafnar því að tilvitnuð reglugerð sé höfð til hliðsjónar í úrvinnslu þessa máls. Nefnir hann því til stuðnings að í reglugerðinni sé tilvísun í lið 5 við athugasemdir við 20. kafla tollskrár Evrópubandalagsins sem ekki sé að finna í hinni íslensku tollskrá.

Nefndarmenn fallast ekki á þessa röksemd tollstjóra. Tollskrár Evrópusambandsins og hin íslenska tollskrá byggja alfarið á samræmdu tollskránni. Einstaka skýringar sem settar eru inn í skrána breyta þar engu um að grunntextinn er sá sami. Texti sá sem settur er inn í 5. lið skýringa við kafla 20 í tollskrá Evrópusambandsins er til leiðbeiningar um flokkun vöru í númerið. Að mati nefndarmanna ætti reglugerð sú sem birt er hér að ofan að leiða til þess að samræmi sé í tollflokkun vöru milli þeirra landa sem við höfum einna mest viðskipti við. Fram kemur í máli tollstjóra að iðulega séu tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins hafðar til hliðsjónar við flokkun vöru hér á landi. Nefndarmenn telja ekki óeðlilegt að svo sé einnig gert nú.

Varan sem hér er til umfjöllunar er safi sem er unninn úr ávöxtum. Við framleiðslu safans er vatn pressað/fjarlæggt úr ávöxtum, sykri bætt við ásamt öðrum efnum sem nauðsynleg eru við gerð slíkra vara, rotvarnarefnum o.s.frv. Framleiðandi ætlast til þess að neytandi bæti síðan aftur við tilteknu magni vatns til þess að gera safann drykkjarhæfan. Safinn er seldur í einnota umbúðum.

Í 2009 er lýst sérstaklega framleiðsluferli safi frá ávöxtum til unnins safi. Þar er tiltekið dæmigert framleiðsluferli, pressun, hreinsun, síun, gerilsneyðing o.s.frv. Úr verður svokallað "concentrate" eða þykkni. Þykkni þetta getur verið frosið eða ófrosið. Ekkert Brix viðmiðunarhámark eða lágmark er skilgreint fyrir vörur í tnr. 2009.8010 til 2009.9090.

Í 2106-90 er lýst þykkni sem blandað skal vatni fyrir neyslu. Þar er tiltekið að viðbætt efni svo sem sítrónusýra megi vera til staðar og að varan sé ætluð til neyslu/drykkjar eftir einfalda blöndun.

Í skýringum við 2106 er ennfremur tekið fram:

(12)Tilreiðsla/blöndun fyrir framleiðslu á límonaði eða öðrum drykkjum sem innihalda til dæmis:

- Bragðbætt eða litað sýróp, það er sykurlausn þar sem náttúrulegum eða tilbúnum efnum er bætt við til að gefa bragð, til dæmis, af ákveðnum ávöxtum eða jurtum (hindberjum, sólberjum, sítrónum o.s.frv.), hvort sem það inniheldur eða inniheldur ekki sítrónusýru eða rotvarnarefni;
- Sýróp bragðbætt með efnum sem nefnd eru í þessari grein (sjá málsgrein (7) að ofan) innihalda, sérstaklega, annað hvort kóla bragðefni eða sítrónusýru, litað með bræddum sykri (caramelised sugar) eða sítrónusýru og bragðolíur? úr ávöxtum (t.d. sítrónu eða appelsínu);
- Sýróp bragðbætt með ávaxtasafa sem hefur verið breytt með því að bæta við efnum (sítrónusýru, bragðolíu unnin úr ávöxtum, o.s.frv.) í því magni að hlutfall ávaxtasafa miðað við í ávöxtum er greinilega annað (clearly upset);
- Ávaxtaþykkni að viðbættri sítrónusýru (í því hlutfalli að samanlagt sýruinnihald er töluvert hærra en náttúrlegs ávaxtasafa), bragðolíum úr ávöxtum, gervisætuefnum o.s.frv.

Þessum blöndum (preparations) er ætlað að neyta sem drykkja eftir einfalda þynningu með vatni eða annarri meðhöndlun. Tiltekin tilreiðsla af þessari gerð er ætlað að bætast við aðra matvælatilreiðslu (food preparations).

Nefndarmenn eru sammála því sem fram kemur hjá tollstjóra að varan verður aldrei tollflokkuð öðruvísi en hún birtist við innflutning. Það að bæta vatni við hana síðar hefur engin áhrif á tollflokkun hennar. Þá eru aðilar sammála um að það að bæta sykri við ávaxtasafa útilokar ekki tollflokkun vörunnar í 20. kafla.

Varan sem um ræðir er við framvísun svokallað þykkni (concentrate). Framleiðsluferli slíkra þykkna eru nokkur og mismunandi og magn vatns og upphaflegs sykurs úr hinum upprunalega safi sem aðgreint er við framleiðslu, er mismunandi, allt eftir

tegund ávaxta og tilhögun framleiðsluaðferða. Því er erfitt að meta hlutfall viðbættis sykurs vegna mismunandi uppsetninga á framleiðsluaðferðum þykkisins hjá framleiðendum.

Vegna þessa hefur Evrópusambandið breytt reglugerð og gefið út leiðbeiningar um flokkun og leiðrétt sykurhlutfall (Brix gildi) slíkra safu. Í leiðbeiningunum kemur fram að safi eins og hér er fjallað um:

„(a) viðbætt sykurinnihald varanna undir vörulið 2009 samsvarar „sykurinnihaldi“ að frádregnum þeim tölum sem hér eru tilgreindar, í samræmi við þá tegund safu sem um ræðir:

-sítrónu- eða tómatsafi: 3,

greipaldinsafi: 15,

annar ávaxta- eða grænmetissafi, þ.m.t. blanda af söfum: 13.“

(b) ávaxtasafar með viðbættum sykri sem eru með Brix-gildi sem ekki fer yfir 67 og innihalda minna magn en 50% af ávaxtasafu miðað við þyngd missa upprunalegt ástand sitt sem ávaxtasafi undir vörulið 2009.

Liður (b) skal ekki eiga við um þykkni úr náttúrulegum ávaxtasafu. Þar af leiðandi fellur þykkni úr náttúrulegum ávaxtasafu ekki utan vöruliðs 2009.

Því er gefin sú almenna regla að svokallað Brix gildi safans skuli minnkað um tölugildið 13 til þess að leiðréttu mögulegar skekkjur vegna framleiðslu safans og upprunalegs sykurmagns hans. Fram hefur komið að hlutfall sykurs sem er uppgengið í safanum Ribena Solbær sé 54,3%.

Þá er ennfremur ljóst að ekkert sykurhámark er gefið upp í tollskrárnúmerinu 2009 8026 og svokölluðum þykknunum er ekki frávísað í 2009.

Rökstuðningur fyrir þessari tollflokkun byggir á því að það að varan sé með viðbættum sykri útilokar hana ekki eitt og sér frá tollflokkun í 20. kafla tollskrár. Í þeim tilvikum kemur til skoðunar hvort hinn viðbætti sykur í vörunni sé í meira magni en nemur því magni sem tapast hefur við þykkingu hennar (concentrated).

Í ljósi fyrirbyggjandi gagna og rökstuðnings annars vegar kæranda og tollstjóra hins vegar er niðurstaða ríkistollanefndar eftirfarandi: Að varan Ribena Solbær Light sem hér er deilt um tollflokkun á skuli tollflokkuð í tnr. 2009.8026. Í því sambandi er og vísað til skýringa við tnr. 2009 í skýringarbókum Alþjóðatollastofnunarinnar Tólkunarreglna við tollskrá 1 og 6 einnig er höfð hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 360/2008.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6 er hið kærða Bindandi álit um tollflokkun vöru nr. 090024, dags. 4. sept. 2009, um tollflokkun á ávaxtaþykknun „Ribena Solber light“ í tnr. 2106.9039 fellt úr gildi. Vöruna ber að flokka í tnr. 2009.8026.

